

Endurskoðun deiliskipulags Akureyrarflugvallar

Umsagnir og athugasemdir sem bárust við auglýsta tillögu.

Athugasemdaraðili/ umsagnaraðili	Athugasemd/umsögn	Viðbrögð
Minjastofnun Ísland	Uppfærð fornleifaskráning hefur ekki borist og er gerð athugasemd við skipulagið vegna þess.	Þar sem endurskoðun deiliskipulagsins gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum á óröskuðu svæði er ekki talið nauðsynlegt að ráðast í endurskoðun fornleifaskráningar með tilheyrandi kostnaði.
Landsnet	<p>Í deiliskipulaginu þarf að gera grein fyrir staðsetningu og umfangi háspennulína, afmörkun helgunarsvæða og þeim takmörkunum sem gilda. Einnig að setja þurfi ákvæði um að samráð skuli haft við Landset vegna framkvæmda nærri strengjunum.</p> <p>Í umsögn er einnig farið fram á að bætt verði við ýmsum öðrum upplýsingum um háspennustrengi í greinargerð deiliskipulagsins.</p>	<p>Inn í greinargerð hefur verið bætt við sérstökum kafla þar sem fjallað er um áhrifasvæði jarðstrengja Landsnets, skiptingu þess í svæði, ákvæði um umgengni og framkvæmdir við strengina og annað það sem Landsnet telur upp í umsögn um að koma þurfi fram.</p> <p>Í kafla um girðingar hefur verið bætt við ákvæði um að girðing verði ekki færð upp á vegöxl þar sem hún liggur yfir jarðstrengjum Landnets.</p>
Hestamannafélagið Léttir	Gerð er athugasemd við færslu girðingar að reiðstíg/göngustíg meðfram Eyjafjarðarbraut að vestan og reiðstíg/göngustíg að sunnan. Er farið fram á að girðing flugvallarsvæðis verði a.m.k. 1,5 m frá lægsta punkti vegaxlar.	Í greinargerð deiliskipulags hefur verið bætt inn texta um að við framkvæmd á færslu girðingar verði þess sérstaklega gætt að alls staðar verði nægt svigrúm utan girðingar fyrir umferð gangandi, ríðandi eða hjólandi.
Víðir Gíslason	Bent er á að færsla girðingar meðfram göngu- og reiðleið felur í sér að hún mun liggja innan helgunarsvæðis jarðstrengja. Leita ætti umsagna Landsnets HMS og Isavia ANS.	<p>Á þeim hluta reiðstígs/göngustígs sem liggur yfir jarðstrengjum Kröflulínu 1 og Hólasandslínu 3 er girðingin ekki færð upp á vegöxl reiðstígs/göngustígs heldur látin halda sér í núverandi legu utan helgunarsvæðis Hólasandslínu 3.</p> <p>Leitað hefur verið umsagnar Landsnets og það er Isavia sem leggur fram tillögu að endurskoðun deiliskipulagsins. Ekki var talin þörf á að leita umsagnar HMS.</p>
Jóhannes Árnason	<ol style="list-style-type: none"> 1.Villur eða ónákvæmni í greinargerð 2.Göngu- og hjólreiðastígar 3. Bílastæði og hleðslustæði 4.Strætó og rútur 5.Fráveita 6.Framtíðar orkugjafar 	<ol style="list-style-type: none"> 1.Greinargerð hefur verið lesin yfir og texti lagfærður og gerður skýrari á ýmsum stöðum. 2.Í kafla aðalskipulags um stígaskipulag bæjarins er ekki gert ráð fyrir aðskildum hjólastíg á núverandi útivistarstíg meðfram Drottningarbraut. Er í staðinn gert ráð fyrir slíkum stíg vestan megin við götuna. Þar sem stígur að flugstöð er ekki aðskilinn fyrir hjólandi og gangandi er ekki talin þörf á aðskildum stígum innan lóðar.

		<p>3. Ekki er talin sérstök þörf á að merkja hleðslustæði sérstaklega í deiliskipulagi. Umfjöllun um fjölda bílastæða hefur verið uppfærð í greinargerðinni en ekki er talin þörf á bílastæðahúsi að svo stöddu.</p> <p>4. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að rútur geti stöðvað í skemmri tíma en ekki er talin þörf á að þær geti beðið í lengri tíma. Ekki er afmörkuð biðstöð fyrir strætó enda nær leiðarkerfi strætó ekki út á flugvöll.</p> <p>5. Ekki liggur fyrir neitt um breytingu á fráveitukerfi flugvallarins og þess vegna er ekki hægt að afmarka reiti fyrir kerfi sem hefur ekki verið hannað.</p> <p>6. Þar sem ekki liggja fyrir áætlanir um framtíðarorkugjafa er ekki hægt að afmarka svæði fyrir slík not þar sem ekki liggur fyrir hver landnotkunarpörfin er.</p>
--	--	---